

Mál nr. 248/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysatryggingar K

Kona ökklabrotnaði þegar nemandi á snjóbretti lenti á henni þ. 20.1.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V. Dags 27.6.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M stóð við gangstíg við norðurhorn skóla sem hún starfaði við og var að fylgjast með nemendum, þegar einn nemandinn kom niður brekku á snjópotu og lenti á M. Við það féll M og við myndatöku á slysadeild LSH reyndist M hafa ökklabrotnað á hægri ökkla. M krefst bóta úr slysatryggingu K hjá V og bendir á að M hafi leitað til bæklunarskurðlæknis 4.11.2009 og farið síðan í rannsókn hjá nafngreindum lækni síðast 9.3.2011, en þá telur M að hún hafi mátt vita um afleiðingar slyssins. V hafnar bótaskyldu og bendir á að félagið hafi tekið við tjónstilkynningu vegna slyssins þ. 29.11.2011, en tilkynningin er dagsett 23.11.2011. V telur að slysið hafi því verið tilkynnt of seint til launþegatryggingar þeirrar sem K hafi hjá V. Vísað er til 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 í þessu sambandi.

Álit.

M ökklabrotnaði vegna þess áverka sem hún hlaut þ. 20.1.2009 og var ljóst að hún hafði ökklabrotnað á slysadeild skömmu eftir slysið. Miðað við þær upplýsingar hafði M vitneskju um þau atvik sem bótakrafa hennar er reist á fljótlega eftir slysið, en slysið var ekki tilkynnt til V fyrr en með tilkynningu sem er dagsett þ. 23.11.2011. Þá var ársfresturinn skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu K hjá V.

Reykjavík 2.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.